

Jeratún ehf. kt. 501203-2030

Fundargerð

60. stjórnarfundur Jeratúns ehf.,
haldinn föstudaginn 29. maí 2020, kl. 11:25 í Ráðhúsi Grundarfjarðar

Mætt: Jakob Björgvin Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir og Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Söguskilti

Lagt fram erindi frá Hrafnhildi Hallvarðsdóttur, skólameistara Fjölbrautaskóla Snæfellinga, þar sem velt er upp þeirri hugmynd að sögu lóðar Jeratúns og fyrri búsetu verði gert hærra undir höfði með myndum og fróðleik.

Samþykkt samhljóða að gert verði söguskilti og skólameistara og Grundarfjarðarbæ falin framkvæmd þess.

2. Rafhleðslustöð á lóð FSN

Lagt fram erindi frá Hrafnhildi Hallvarðsdóttur, skólameistara Fjölbrautaskóla Snæfellinga, þar sem lögð er fram sú hugmynd að sett verði upp rafhleðslustöð á lóð FSN.

Stjórnin tekur jákvætt í að rafhleðslustöð verði sett upp á bílastæði/um á lóð skólans og óskar eftir frekari tillögum FSN að útfærslunni.


3. Viðhaldsáætlun


Lögð fram og rædd viðhaldsáætlun FSN vegna húsnæðis og lóðar.


Samþykkt samhljóða viðhaldsáætlun 2020, en stjórn óskar eftir fundi með forsvarsmönnum FSN í ágúst vegna framkvæmda og viðhalds árið 2021. Framkvæmdastjóra falið að koma á fundi milli aðila.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:11.


Kristinn Jónasson


Jakob Björgvin Jakobsson


Björg Ágústsdóttir


Sigurlaug R. Sævarsdóttir